



Gistinóttum fjölgar verulega utan höfuðborgarsvæðisins þrátt fyrir fækkun ferðamanna

Gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum utan höfuðborgarsvæðisins fjölgaði um 16,2% í apríl miðað við sama mánuð í fyrra en gistinóttum fækkaði hins vegar um 12,1% á höfuðborgarsvæðinu. Þessar tölur vekja nokkra athygli en fjöldi erlendra ferðamanna dróst saman um 18,5% í apríl. Það er mun meiri fækkun en á tímabilinu janúar-mars en það skýrist af því að apríl var fyrsti mánuðurinn sem WOW air, sem fór í þrot í lok mars síðastliðinn, naut ekki við.


Almennt séð hefur þróunin verið með þessum hætti síðustu misserin, þ.e. að fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna hafi verið meiri utan höfuðborgarsvæðisins en innan þess. Þrátt fyrir það gætu þessar tölur gefið ákveðna vísbendingu um að farþegar WOW air hafi minna verið að sækja til svæða utan höfuðborgarinnar en farþegar Icelandair og annarra flugfélaga sem hingað fljúga. Athyglisvert verður að sjá hvort að tölur yfir næstu mánuði styðji þessa tilgátu.

Langmesta fjölgunin á Austurlandi

Gistináttum erlendra ferðamanna fjölgaði á öllum svæðum landsins utan höfuðborgarsvæðisins í apríl. Hlutfallslega séð var mesta fjölgunin á Austurlandi en þar fjölgaði gistinóttum erlendra ferðamanna um rúmlega 2.100, eða 70,5%. Þeim fjölgaði hlutfallslega næstmest á Norðurlandi, um 25,2%. Þar sem fjölgunin var minnst var hún þó 10,5% en það var á Suðurlandi.


Þjóðverjar hafa lengi verið mikilvægustu viðskiptavinir hótela á Austurlandi. Gistinóttum þeirra fjölgaði mest í apríl á Austurlandi, um 374 nætur eða 62%. Gistinóttum Bandaríkjamanna fjölgaði um 337 nætur, eða tæp 50%. Hlutfallslega mesta fjölgunin var hjá Kínverjum en gistinóttum þeirra fjölgaði um rúm 550%. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði einnig verulega á Austurlandi,

Fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölgun gistinátta á hótélum í apríl



Fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna. Fjölgun frá sama mánuði árið áður.

Heimild: Hagstofa Íslands




eða um rúm 20%. Það er öfug þróun miðað við flest önnur svæði þar sem gistinóttum Íslendinga fækkaði. Þannig fækkaði gistinóttum Íslendinga á bilinu 15-26% á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi. Gistinóttum fjölgaði um 35% á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu ekki verri síðan fyrir uppsveiflu

Í fyrsta sinn var herbergjanýtingin í apríl ekki hæst á höfuðborgarsvæðinu. Hún reyndist ívið hærri á Suðurnesjum eða 58,9% á móti 56,5% á höfuðborgarsvæðinu. Nýtingin hefur ekki verið jafn lág í apríl á höfuðborgarsvæðinu síðan í apríl 2010 en það var árið fyrir uppsveifluna í ferðaþjónustu. Nýtingin féll verulega milli ára en nýtingin var 66,3% í fyrra og tæp 80% árið 2017.

Þrátt fyrir fækkun ferðamanna var herbergjanýtingin að batna milli ára á nokkrum svæðum og verður það að teljast ákveðinn varnarsigur. Þannig batnaði nýtingin örlítið á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum og að síðustu á Austurlandi.

Herbergjanýting á hótélum í apríl



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.



Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.